

7 NORRÆNAR SÖGUR

2009



norden

7 norrænar sögur 2009

ANP 2010:719

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2010

ISBN 978-92-893-2026-9

Ritstjóri: Silje Bergum Kinsten

Ritstjórn: Karin Arvidsson, Michael Funch, Patrik Edman,

Jesper Schou-Knudsen, Mats Holmström, Louise Hagemann

Ljósmyndir: Silje Bergum Kinsten: Bls. 4. Johannes Jansson: Bls. 5, 8, 11, 13, 15,

25, 26, 27, 31, 32, 33, 36. Karen Beate Nøsterud: Bls. 7, 18, 19, 38. Magnus

Fröderberg: Bls. 11, 25, 32. Greenland.com: Bls. 12. Lennart Perlenhem: Bls. 15, 16.

Grete Kodi: Bls. 21, 22, 23. Nordic Development Fund: Bls. 28, 29. Sveinn Speight:

Bls. 32. Karl R Lilliendahl: Bls. 35. Umhverfisstofnun: Bls. 37.

Þýðandi: Erla Sigurðardóttir

Prentun: Scanprint A/S, Danmark


Umbrot: Maria Lambert Design

Upplag: 500

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Ritið má panta á www.norden.org/order. Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Printed in Denmark



Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18

DK-1255 København K

Sími (+45) 3396 0200

Bréfasími (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18

DK-1255 København K

Sími (+45) 3396 0400

Bréfasími (+45) 3311 1870

www.norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

01 High Five - menningin sigrar þyngdaraflið

02 Jafnrétti bætir andrúmsloftið

03 Blásið til baráttu gegn atvinnuleysi


04 Bjartsýni í viðskiptum skapandi listamanna

05 Norræn áhrif á alþjóðlegar loftslagsviðræður

06 Nýjar víddir í nútíma norrænu samstarfi

07 Viðbúnaður við umhverfisslysum í Norður-Atlantshafi





7 NORRÆNAR SÖGUR



Formaður
Norrænu ráðherra-
nefndarinnar 2009
Katrín Jakobsdóttir



Forseti Norður-
landaráðs 2009
Sinikka Bohlin

Aldrei hafa örlög allrar heimsbyggðarinnar verið eins samofin og nú. Öryggismál, efnahagskreppa og loftslagsvandi eru gífurlega umfangsmikil verkefni sem þjóðir heims verða að leysa í sameiningu.

Í ljósi þessa leitast Norðurlandþjóðirnar við að treysta samstarfið á alþjóðavettvangi og finna lausnir á þeim vandamálum sem öll ríkin glíma við.

Sjö sögur af norrænu samstarfi á árinu 2009 sem birtar eru í þessu hefti sýna hvernig norrænu ríkin hafa tekið höndum saman um að skapa öryggi og framþróuná öllum sviðum samfélagsins og í heimsámálum.

Á liðnu ári áttu Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð þátt í að kveikja umræður og nýja hugsun í öryggismálum í víðum skilningi.

Unnið var að gerð vákorts yfir Norður-Atlantshafið sem lengi hefur verið þörf á og Thorvald Stoltenberg, fyrrum utanríkisráðherra Norðmanna, kynnti tillögur sínar um aukið norrænt samstarf í utanríkismálum. Stjórnámálemenn og aðrir fjalla nú um tillögur hans.

Norðurlandþjóðirnar áttu þátt í að setja jafnréttismál á dagskrá í alþjóðlegum loftslagsviðræðum. Sameiginlegt mark-

mið þeirra er opnara samfélag, ekki síst hreyfanleiki vinnandi fólks og námsmanna milli landa, öflugri vinnumarkaður fyrir alla og afnám stjórnsýsluhindrana.

Í því sambandi er mikilvægt að huga að norrænum málskilningi en ráðherranefndin stendur einmitt fyrir átaki á árinu 2010 til þess að vekja athygli á tungumálasamstarfinu. Tungumálasamfélagið er einnig ofarlega á dagskrá Norðurlandaráðs.

Þá vinna þjóðirnar að því að vinna norrænum gildum og vörum brautargengi með því að kynna menningu Norðurlanda víða um heim og koma á samstarfi í sköpunariðnaði, hvort heldur er á Norðurlöndum eða á alþjóðavettvangi.

Hér er um að ræða hefðbundið menningarsamstarf á sviði kvikmyndagerðar og annarra listgreina, en einnig í auknum mæli tengsl sköpunar, nýsköpunar, rannsókna og atvinnulífs.

Sögurnar sjö sem hér birtast bera vott um lifandi og framsækið samstarf sem lofar góðu um framhaldið. Þær sýna að við getum lagt okkar af mörkum til alþjóðasamfélagsins, þar sem brýn þörf er á því uppbyggjandi og lausnamiðaða starfi sem Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin inna af hendi.

High Five - menningin sigrar þyngdaraflíð



Hanne Palmquist

Nýtt styrkjakerfi Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins - High Five - er miklu meira en „ferðastyrkir“ fyrir kvikmyndir. Hér verður greint frá sókn í menningarmálum þar sem norrænu forsætisráðherrarnir ákváðu að sigrast á þyngdaraflinu.

Það var ekki laust við að hin 27 ára gamla Susan Risser fyndi fyrir flökurleika þegar hún yfirgaf kvikmyndasalin í Torontó í september s.l. Hún var þó ekki í minnsta vafa. Henni fannst danska kvikmyndin Valhalla Rising undarleg og ofsafengin en upplifunin hafði þó verið þess virði. Hún vissi ekki að sýningin var liður í kynningarátaki á norrænum kvikmyndum sem menningarmálaráðherrar Norðurlanda stóðu að á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Torontó í Kanada.

Kvikmyndamenning í stórborginni Torontó stendur í miklum blóma og því varð hún fyrir valinu þegar ráðherrar ákváðu að kynna nýtt styrkjakerfi Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins til alþjóðlegrar dreifingar á norrænum kvikmyndum. Sjóðurinn réð yfir 1,5 milljónum norskra króna og á hann að styrkja dreifingu á norrænum kvikmyndum víða um heim.

– Markmið High Five-styrkjakerfisins er tvíþætt: að stuðla að sölu norrænna kvikmynda erlendis og auka þannig tekjur réttindahafa, en tryggja um leið dreifingu á norrænum gæðakvikmyndum, sem kvikmyndaunnendur um allan heim njóta góðs af, segir Hanne Palmquist, framkvæmdastjóri Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins.


Styrkjakerfið er fjármagnað úr hnattvæðingarsjóði Norrænu ráðherranefndarinnar og er til marks um þá eindregnu ósk forsætisráðherranna að kynna betur

Norðurlönd og norræna menningu á erlendum vettvangi.

Nútímaleg víkingamynd eftir leikstjóran Nicolas Winding Refns var heimsfrumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Torontó 2009. Susan Risser er ýmsu vön þegar kvikmyndir eru annars vegar, en engu að síður var það nýnæmi að sjá kvikmynd frá þessum heimshluta. Norrænar kvikmyndir rata sjaldan í kvikmyndahús Torontó-borgar hvað þá annars staðar í Norður-Ameríku.

Ýmislegt bendir til þess að ákvörðun forsætis- og menningarráðherranna um að kynna Norðurlönd og menningu þeirra erlendis hafi borið tilætlaðan árangur. Eins að Susan Risser eigi eftir að sjá fleiri norrænar kvikmyndir:

– Þau viðbrögð sem við höfum fengið eftir að við kynntum dreifingarstyrkina og völdum að gera það í Torontó, gefa til kynna að átakið hafi vakið athygli víða um heim. Því stefnir Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn að því að fram-



Jafnrétti bætir andrúmsloftið



Árni Páll Árnason

Loftslagsbreytingar koma illa niður á konum í suðri og körlum í norðri. Konur voru hátt í 80% þeirra sem fórust í flóðbylgjunni í Asíu 2004. Ísinn bráðnar á norðurskauti og við það hverfa undirstöður hefðbundinna atvinnugreina veiðimanna. Breytingar á andrúmsloftinu hafa ólík áhrif á karla og konur, en kynin skilja einnig eftir sig ólík kolvetnisspor og hafa þannig mismunandi áhrif á loftslagið. Loftslagsmálin settu svip sinn á árið 2009 og brýnt þótti að norrænu ríkin settu kynjasjónarmið á dagskrána í alþjóðlegum loftslagsviðræðum.

Markmiðið var að flétta jafnréttissjónarmið inn í nýjan loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Leiðtogafundurinn (COP15) í Kaupmannahöfn var mörgum vonbrigði þar sem niðurstöður hans voru ekki lagalega bindandi. Engu að síður unnu Norðurlönd þann sigur að ná víða fram tilvísunum til kynjasjónarmiða í samningstextanum.

– Okkur tókst að koma tilvísunum til kynjasjónarmiða í samninginn. Það er skref í rétta átt og ég er mjög ánægður með það. Norðurlönd hafa lagt góðan grunn með samstarfi sínu sem við munum nýta í næstu samningalotu þar sem við vonumst til að ná enn betri árangri. Við hefðum að sjálfsögðu kosið að samningurinn yrði lagalega bindandi, segir Árni Páll Árnason, jafnréttisráðherra Íslendinga, en þeir gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2009.

Kynbundinn munur

Margt mælir með því að skoða loftslagsmálin í ljósi jafnréttis, meðal annars sú staðreynd að kynin hafa ólík áhrif á andrúmsloftið. Karlar í iðnríkjum aka til dæmis meira í bíl og losa því meiri

koltvísýring en konur en þær ferðast frekar með vistvænni farartækjum. Talið er að karlar standi fyrir 75% af bílaumferð í Svíþjóð.

Þá hafa loftslagsbreytingar önnur áhrif á konur en karla. Konur eru í miklum meirihluta þeirra sem farast í náttúruhamförum, oft vegna þess að þær eru ósýndar eða ófærar um að forða sér upp í næsta tré.

Rannsóknir London School of Economics sýna að dauðsföll af völdum náttúruhamfara eru kynbundin og megi oft rekja þau til efnahagslegrar og félagslegrar stöðu kvenna. Þetta kom fram í máli Rebeccu Pearl frá tengslanetinu GenderCC – Women for Climate Justice – í norrænum hringborðsumræðum á árlegum fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í mars 2009.

Áhrif loftslagsbreytinga eru einnig merkjanleg hjá körlum, til dæmis eiga þeir á hættu að missa lífsviðurværið í kjölfar náttúruhamfara. Mest gætir þó áhrifa loftslagsbreytinganna á norðurskautssvæðum þar sem þær





koma illa niður á körlum í hefðbundnum veiðisamfélögum. Veiðitíminn styttist og veiðisvæðin minnka þegar hafísinn bráðnar og því reynist æ erfiðara ef ekki ógerlegt að stunda veiðar á ísnum.

Veiðimenn sátu áður í öndvegi í samfélaginu en hafa nú lent á jaðrinum þar sem verkþekking þeirra má sín minna en áður. Veiðimenn sjá ekki lengur einir um að afla heimilinu tekna. Þetta kom fram í máli Malin Jennings, frumkvöðuls verkefnisins Arctic ICCE (Indigenous Climate Change Ethnographies – sem kannar áhrif loftslagsbreytinga á frumbyggja), á málundi Norrænu ráðherra-nefndarinnar um loftslagsmál og jafnrétti í desember 2009. – Þessi þróun er undirrot félagslegra vandamála, sagði hún.

Kynjaskekkja þegar ákvarðanir eru teknar

Í ljósi þess að kynin verða fyrir ólíkum áhrifum og hafa jafnframt ólík áhrif á andrúmsloftið er mikilvægt að jafna hlut þeirra þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Sú er ekki raunin í dag. Hluttur kvenna meðal þeirra sem leiddu sendinefndir þátttökuríkjanna í loftslagsviðræðum Sameinuðu þjóðanna var á bilinu 15–20%.

Komi bæði kynin að ákvörðunum sem byggja á reynslu þeirra og þörfum, aukast líkur á því að lausnir taki mið af hagsmunum mun breiðari hóps en ella. Slíkt myndi ekki síst leiða til breyttrar umgengni við móður jörð. Það kæmi jafnframt öllum til góða, einnig náttúrufari í heiminum, eins og norrænu jafnréttisráðherrarnir bentu á í grein sem birtist í norrænum fjölmiðlum á liðnu ári.

Með því að koma jafnréttissjónarmiðum að í loftslagssamningnum hefur Norðurlöndum tekist að efla kynjavitund í stefnumótun um loftslagsmál. Enn á eftir að koma í ljós hvort tekst að knýja fram lagalega bindandi samninga um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, en Norðurlönd munu áfram með öllum ráðum halda á lofti kynjasjónarmiðum í viðræðunum.

Fróðleiksmolar:

- Kolvetnisfótspor kvenna og karla eru ólík.
- Loftslagsbreytingar koma ólíkt niður á konur og körlum.
- Konur sitja sjaldan við borðið, til dæmis í samningaviðræðum um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.
- Karlar aka meira í bíl en konur. Konur nota oftast opinberar samgöngur en karlar.
- Konur voru hátt í 80% þeirra sem fórust í flóðbylgjunni í Asíu 2004.
- 62% kvenna og 54% karla eru reiðubúin að greiða hærra verð fyrir loftslagsvænar vörur.
- 81% kvenna og 67% karla eru hlynnt því að loftslagsmerkja matvæli og nauðsynjavörur.



Blásið til baráttu gegn atvinnuleysi



Siv Friðleifsdóttir

Atvinnuleysi á Norðurlöndum, einkum meðal ungs fólks, jókst í kjölfar fjármálakreppunnar. Stjórnámálmenn íhuga hvernig skapa megi sjálfbæran vinnnumarkað fyrir alla. Þing Norðurlandaráðs sendi á haustdögum 2009 ríkisstjórnunum skýr skilaboð um hvað bæri til bragðs að taka.

– Brýnt er að finna raunhæfar lausnir til skemmri og lengri tíma ef við eigum ekki að missa heilu árgangana af vinnnumarkaði. Hætta er á að ungt fólk sem lendir utangarðs muni búa við fátækt, glæpi og vímufíkn og glíma við sjúkdóma og lakari lífsgæði en jafnaldrar þeirra. Norðurlandþjóðirnar geta tekið höndum saman um að leysa þennan vanda, segir Siv Friðleifsdóttir, formaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs.

Fjármálakreppan hefur áhrif á eftirspurn, framleiðslu og atvinnuástand á ýmsum mörkuðum. Áhrifanna gætir alls staðar á Norðurlöndum. Til að standa vörð um velferðarþjóðfélagið hafa stjórnvöld kynnt ýmsar aðgerðir til skemmri og lengri tíma. Markmiðið er að stemma stigu við atvinnuleysi, auka atvinnuöryggi og tryggja nauðsynlegt fjármagn til fyrirtækja og frumkvöðla.

– Sjálfbær vinnnumarkaður fyrir alla er ofarlega á dagskrá hvarvetna á Norðurlöndum. Stjórnvöld vilja tryggja öllum atvinnu og stjórnámálmenn úr öllum flokkum leggja áherslu á að skapa ný störf sem eru sjálfbær fyrir þjóðfélagið og einstaklinginn, segir Siv Friðleifsdóttir.

Atvinnuleysi ungs fólks er engu að síður geigvænlegt. Margir einstaklingar á aldrinum 16–25 ára eiga á hættu að komast aldrei út á vinnnumarkað. Ungmenni sem búa við fötlun, nýbúar og aðrir hópar sem eiga erfitt með að ná fótfestu á vinnnumarkaði verða helst fyrir barðinu á langtímaatvinnuleysi. Fulltrúar

í velferðarnefnd hafa af þessu miklar áhyggjur.

Vísendingar um sjálfbæran vinnnumarkað

Þingmenn í Norðurlandaráði vilja snúa þessari óheillaþróun við. Þeir hafa farið þess á leit við ráðherranefndina að hún láti semja norrænar vísendingar um sjálfbæran vinnnumarkað til þess að geta metið samfélagsþróunina og haft áhrif á hana. Vísendingar um sjálfbæra þróun hafa þegar verið teknar í notkun. Við þær er stuðst við stefnumótun um sjálfbæra þróun og til þess að fylgja henni eftir. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál, oft kölluð Brundtlandnefndin, skilgreindi sjálfbæra þróun þannig: „Þróun sem fullnægir þörfum núlifandi kynslóða án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að uppfylla sínar þarfir.“ (Brundtland-



Velferðarnefnd Norðurlandaráðs vonast til að Norræna ráðherranefndin hefjist sem fyrst handa við að semja vísbendingar um sjálfbæran vinnumarkað, þannig að framtíðarstefna í vinnumálum tryggji fleirum vinnu og stuðli að sjálfbærra samfélagi.

nefndin, 1987) Sjálfbær þróun nær því til þriggja sviða, þ.e. umhverfis-, félags- og efnahagsmála. Huga þarf að öllum þremur þáttum um gjörvalla heim ef sjálfbær þróun á að geta orðið að veruleika.

– Við Norðurlandabúar verðum að spyrja okkur: Stuðla Norðurlönd og norrænu ríkin nægilega að því að sjálfbæra þróun beri í rétta átt? Ógnar núverandi ástand velferð almennings til lengri tíma litið? Til að finna svör við þessum spurningum telur Norðurlandaráð nauðsynlegt að ríkin setji sér sameiginleg markmið með hugmyndafræðinni um sjálfbæra þróun og kanni hvaða þættir ógni helst norrænum velferðarþjóðfélögum, segir Siv Friðleifsdóttir.

Að mati Sivjar kallar sjálfbær vinnumarkaður á sveigjanleika sem geri fólki kleift að vinna á ýmsum skeiðum ævinnar og þrátt fyrir að þarfirnar breytist. Þá þarf að koma í veg fyrir að störf séu heilsuspillandi og tryggja að vinnustaðir séu fyrir alla einstaklinga, að þeir geti haldið vinnu sinni og starfað í samræmi við getu, þrátt fyrir heilsubrest eða fötlun.

Formaður velferðarnefndar telur jafnframt brýnt að afnema stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum, ekki síst á sviði félags- og skattamála. Það sé einkum á þessum sviðum sem upp koma vandamál sem hindri hreyfanleika námsfólks og atvinnuleitenda milli norrænu ríkjanna.

– Norðurlandþjóðir hafa allt til að bera til að vera fyrirmynd annarra þjóða hvað varðar nýskapandi lausnir sem taka mið af þörfum einstaklingsins, segir Siv Friðleifsdóttir að lokum.

Velferðarnefnd Norðurlandaráðs vonast til að Norræna ráðherranefndin hefjist sem fyrst handa við að semja vísbendingar um sjálfbæran vinnumarkað, þannig að framtíðarstefna í vinnumálum tryggji fleirum vinnu og stuðli að sjálfbærra samfélagi.



Fróðleiksmolar:

Atvinnuleysi á Norðurlöndum:

- **Danmörk: 4,4%** (nóvember 2009)
Ungt fólk (15–29 ára): 10,4% (3. ársfjórðungur 2009, Danmarks Statistik)
- **Finnland: 8,5%** (nóvember 2009)
Ungt fólk (15–24 ára): 21,1% (nóvember 2009, Statistikcentralen)
- **Noregur: 3,2%** (nóvember 2009, Statistisk sentralbyrå)
Ungt fólk (16–24 ára): 8,9% (nóvember 2009)
- **Ísland: 8,0%** (nóvember 2009)
Ungt fólk (16–24 ára): 16,1% (4. ársfjórðungur 2009, Hagstofa Íslands)
- **Svíþjóð: 8,0%** (nóvember 2009)
Ungt fólk (15–24 ára): 22,9% (nóvember 2009, Statistiska centralbyrån)

Nánari upplýsingar um vinnumál á Norðurlöndum á vefnum:

www.arbeidslivinorden.org



Bjartsýni í viðskiptum skapandi listamanna

Á hverjum degi þurfa þær Anne-Liis Leht og Kristi Ringkjøb að sanna fyrir umheiminum að þær stundi alvöru rekstur og viðskipti. En glerlistakonurnar kveinka sér aldrei enda er bjartsýni þeirra óbilandi. Nú eru rúm tvö ár síðan þær stofnuðu fyrirtækið Annkris-Glass. Reksturinn stendur í miklum blóma og þær stöllum stefna enn hærra.

Róm var ekki byggð á einum degi. Þegar Anne-Liis og Kristi luku námi við Listaháskóla Eistlands stóðu þær á krossgötum. Áttu þær að feta í fótspor annarra og eyða starfsævi sinni sem hæfileikaríkir áhugamenn? Eða áttu þær að fara ótroðnar slóðir og bæta viðskiptaviti við listræna þekkingu sína?

Þær völdu síðari kostinn þótt sú leið sýndist þyrnum stráð. Fyrsta árið reyndi á taugarnar. Anne-Liis minnir Kristi brosandí á þegar þær stóðu eitt sinn við afgangsluborð í matvælafræðslu og neyddust til að skila vörum þegar þyngja þeirra reyndist galtóm. Framkvæmdastjórnir voru öllum tekjum fyrirtækisins í dýran útbúnað og efni. Hjá Annkris-Glass eru gerðar miklar kröfur, við listsköpun er eingöngu notaður fyrsta flokks efniviður, aðallega frá Þýskalandi.

Þegar þær fluttu með fyrirtæki sitt inn í listamiðstöðina Creative Incubator í Tallinn s.l. haust steyptu þær sér af fullum krafti út í viðskiptin. Nú eru þær fleygar sem fugl sem skapandi athafnakonur. Creative Incubator býður upp á skapandi rekstrarumhverfi fyrir fyrirtæki þar sem hugverk og

sköpunargáfa eru nýtt til að skapa velferð og störf. Þar eru 23 fyrirtæki til húsa og starfsmenn eru á bilinu 45-50.

Svipað starfsumhverfi er eflaust víðar á Norðurlöndum og um heim allan, en miðstöðin í Tallinn sker sig þó úr að ýmsu leyti. Yfirleitt er aðaláhersla lögð á sköpun en hér er viðskiptahugmyndin í fyrirrúmi. Skapandi fólk eins og Anne-Liis og Kristi gefst hér tækifæri til að kynna sér viðskipti frá ýmsum hliðum, þar á meðal útflutning, sölu og markaðssetningu.

Eva Leemet starfar sem verkefnisstjóri á vefgáttinni Loov Eesti (Skapandi Eistland) um skapandi atvinnugreinar. Aðsetur hennar er í nýrri listamiðstöð í borginni Tartu, en áður hafði hún aðstoðað við að setja miðstöðina í Tallinn á laggirnar.

– Það er ómetanlegt að fá tækifæri til að skiptast á þekkingu og reynslu, segir hún þegar talið berst að alþjóðlegri ráðstefnu sem fram fór þar í borg í mars 2009. Þar voru mynduð ný tengslanet á sviði stefnumótunar en einnig um ný verkefni. Mikilvægt er að eiga kost á því að mynda tengslanet því samstarf og samráð eru talin forsenda þess að skapandi atvinnugreinar spjari sig á alþjóðamarkaði.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi stóð að ráðstefnunni í samstarfi við m.a. menningarmálaráðuneyti Eistlands og KreaNord-verkefnið sem starfar að uppbyggingu og stefnumótun fyrir skapandi atvinnugreinar á Norðurlöndum.





Kannanir kveikja að listamiðstöðvum

– Stuðningur Norrænu ráðherranefndarinnar gerði okkur kleift að vinna að stefnumótun í eitt og hálf ár, segir Raul Oreškin, en hann situr í stjórn Miðstöðvar skapandi atvinnugreina í Tartu.

Kannanir sýna að listamenn í Tartu eru yfirleitt ráðnir í verkefni og njóta því ekki atvinnuöryggis í sinni iðn. Þá skortir oft grunnþekkingu á því hvernig stofna og reka á fyrirtæki. Flest verk þeirra eru seld eftir óformlegum leiðum. Ríkið verður því af skatttekjum og listamennirnir njóta ekki grundvallarréttinda eins og sjúkra- og lífeyrstrygginga. Á vordögum var opnuð skrifstofa í Miðstöð skapandi atvinnugreina þar sem unnið er að þessum málum.

Fólk sem tekur virkan þátt í uppbyggingu skapandi atvinnugreina í Eystrasaltsríkjum leggur áherslu á mikilvægi þess að miðla af reynslu sinni og eiga samskipti við kollega á Norðurlöndum. Norræna ráðherranefndin styrkti m.a. námsferðir eistneskra embættismauna og sérfræðinga til Íslands og Færeyja á árinu 2009. Þá styrkti mannskíptaáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkja fyrir viðskipti og iðnað málþing kvikmyndaiðnaðarins í Ríga í október s.l. Þar báru um 30 atvinnumenn frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum saman

reynslu sína, ræddu hugmyndir að verkefnum, vandamál sem upp geta komið, mynduðu tengslanet og komu með tillögur að nýjum samstarfslíkönum.

Hvað er á döfnni?

Ragnar Siill, yfirmaður þróunardeildar menningarmálaráðuneytis Eistlands, sér marga fleti á samstarfi við Norðurlönd, einnig innan vébanda Evrópusambandsins:

– Eistland er rétt eins og norrænu ríkin lítill fiskur í stóru heimstjörnninni, og því er samstarf forsenda fyrir samkeppnishæfni okkar.

Styrkir mannskíptaáætlunar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja fyrir viðskipti og iðnað gerir sérfræðingum á Miðstöð skapandi atvinnugreina í Tartu kleift að kynna sér sambærilega starfsemi í Finnlandi og Noregi og halda málþing fyrir samstarfsaðila frá Turku, Tampere, Björgvin, Uppsölum, Ríga og Klaipeda. Þess er vænst að málþingið verði til þess að skapandi fyrirtæki á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum myndi tengslanet sín á milli.

Hjá Annkris-Glass hugsa þær Anne-Liis Leht og Kristi Ringkjøb einnig til framtíðar. Þær vinna nú hörðum höndum að því að gera áætlun fyrir árið 2011 um listsköpunina en einnig markaðssókn á Norðurlöndum.



Fróðleiksmolar:

Skapandi atvinnugreinar samkvæmt skilgreiningu Eista:

byggingalist, hljóð- og myndframleiðsla, hönnun, gjörningalist, upplýsingatækni, útgáfustarfsemi, menningararfur, listir, tónlist og auglýsingar.

Skapandi atvinnugreinar geta sótt um styrki í sjóði mannskíptaáætlana Norðurlanda og Eystrasaltsríkja fyrir viðskipti og iðnað [www.norden.lv], opinbera starfsmenn [www.norden.ee] og menningarmál [www.kknord.org].

KreaNord-verkefnið safnar og miðlar reynslu, þekkingu og framtíðarsýn á þróun skapandi atvinnugreina á Norðurlöndum [www.kreanord.org].

Norræn áhrif á alþjóðlegar loftslagsviðræður



Andreas Carlgren

Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna fór fram í Kaupmannahöfn í desember s.l. og var að margra áliti sú þýðingarmesta í sögunni. Norðurlandþjóðir gegndu þar mikilvægu hlutverki, Danir voru gestgjafar fundarins og Svía fóru með formennsku í Evrópusambandinu. Öll lögðu norrænu ríkin sitt af mörkum til þess að þoka loftslagsviðræðunum í rétta átt, m.a. með framlagi norræna COP15-hópsins.

Þrátt fyrir langar og strangar samningaviðræður í Bella Center var útkoman þó mörgum vonbrigði því menn höfðu gert sér væntingar um metnaðarfullri og lagalega bindandi samning.

Norræna ráðherranefndin hafði sett sérfræðingahóp á laggirnar til þess að greiða fyrir því að góður árangur næðist á ráðstefnunni. Hópurinn gerði úttektir og stóð fyrir fundum með samningamönnum víða um heim til að stuðla að auknum skilningi milli þjóða. – Fundir COP15-hópsins voru þarfir og gagnlegir og hafa eflaust aukið skilning þátttakenda á eðli loftslagsvandans, sagði Jane Ellis, loftslagssérfræðingur hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), en hún sat málþing hópsins um loftslagsmál sem haldið var í Bangkok.

Olle Björk, starfsmaður sænska umhverfisráðuneytisins og formaður COP15-hópsins, er almennt ánægður með störf hópsins:

– Hópnum tókst að hafa góð áhrif á samningaviðræðurnar þrátt fyrir að árangur þeirra hafi hvorki staðist væntingar Norðurlanda né Evrópusambandsins. Ástæðurnar er margar, hvorki Bandaríkjamenn né Kínverjar voru reiðubúnir til að ganga nógu langt, og auk þess er málið allt mjög flókið.

Andreas Carlgren, umhverfisráðherra Svía, bendir á að nú verði menn að bretta upp ermar og halda samningaviðræðum áfram af fullum krafti.

– Við verðum að halda viðræðunum áfram af fullum þunga og grípa til aðgerða ef við eigum að gera okkur vonir um að ná markmiðinu um að andrúmsloftið hitni ekki meir en tvö hitastig. Ferlið er tvíþætt. Í fyrsta lagi þarf að undirbúa jarðveginn fyrir því að lagalega bindandi samningar náist á COP16-ráðstefnunni í Mexíkó síðar á þessu ári. Í öðru lagi er þrynt að knýja á um breytingar um allan heim sem felast í því að efnahagslífið verði síður háð koltvísýringslosun, segir Carlgren og bendir á að þar geti norrænu ríkin lagt ýmislegt af mörkum.



05



Sænska þingkonan Ann-Kristine Johansson, formaður umhverfis- og auðlindanefndar Norðurlandaráðs, er vonsvikin yfir rýrum árangri fundarins í Kaupmannahöfn:

– Við megum þó ekki láta hugfallast heldur spýta í lófana og gera nýja atlögu fyrir COP16-ráðstefnuna. Við erum að tala um fjárfestingar sem nema líklega mörg hundruð milljörðum Bandaríkjadala á ári.

Loftslagsverkefni í þróunarlöndum

Eitt ágreiningsefni á loftslagsráðstefnunni var fjármögnun iðnríkanna á aðgerðum til að draga úr koltvísýringslosun í fátækari ríkjum heims. Margir telja upphæðir þær sem nefndar eru í Kaupmannahafnarsamningnum engan veginn nógu háar og að tímaáætlunin geti ekki staðist.

Norrænu ríkin sýndu þó á ráðstefnunni að hópur landa getur náð samkomulagi um að fjárfesta í umhverfistækni í fátækum löndum. Starfsreglum Norræna þróunarsjóðsins (NDF) hefur verið breytt í þá veru að nú er hægt að styrkja umhverfisvæn verkefni.

Í lok árs 2009 hafði sjóðurinn úthlutað næstum 18 milljón evrum til loftslagsverkefna í Afríku og Asíu. Má þar nefna sólarrafhlöður og vatnsdælur í Úganda, orkuverkefni í Laos, Vietnam og Kambódíu og markaðssetningu á vatnshitunartækjum sem ganga fyrir sólarorku í Rúanda.

– Við fögnum því að geta nú sinnt loftslagsverkefnum í fátækustu ríkjum heims, segir Helge Semb, framkvæmdastjóri Norræna þróunarsjóðsins.

Norrænu samstarfsráðherrarnir ákváðu á vordögum 2009 að breyta starfsreglum sjóðsins. Nokkrum árum áður höfðu þróunarmálaráðherrar lagt til að sjóðurinn yrði lagður niður en hörð viðbrögð, m.a. frá umhverfisráðherrunum og Norðurlandaráði, réðu því að samstarfsráðherrarnir völdu að hlífa sjóðnum.

Jan-Erik Enestam, framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, segir nýtt umboð Norræna þróunarsjóðsins vera sigur fyrir norrænt þingmannasamstarf: – Hefði Norðurlandaráð ekki brugðist við væri staðan eflaust önnur.

Norræni loftslagsdagurinn

Í tilefni af loftslagsráðstefnunni stóð Norræna ráðherranefndin fyrir loftslagsdegi í skólum. Markmiðið var að efla norrænt kennarasamstarf en ekki síst að auka þekkingu nemenda á loftslagsvandannum.

Ráðherranefndin stóð að viðamikilli sms-tilraun á Norræna loftslagsdeginum 11. nóvember. Þar kepptu nemendur um að finna nýjar lausnir á loftslagsvandannum með því að nota fjarskiptatækni símans, hljóð, texta og myndir. Þeir spreyttu sig líka á því að svara í farsíma fimmtán spurningum um loftslagsmál sem þeim bárust á sms.

Næstum 4000 nemendur úr 150 skólum víðs vegar á Norðurlöndum tóku þátt í Norræna loftslagsdeginum. Þegar hafa borist um 500 tillögur að kennsluefni um loftslagsvandann og innlegg í loftslagsumræður á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum. Á Íslandi bar Grunnskóli Siglufjarðar sigur úr bítum með hugmynd að umhverfisvænum sleða til að leysa loftslagsvandann á svæðum þar sem vélsleðar eru notaðir í samgöngum, sjá: www.klimanorden.org.

– Framtíðin er í höndum unga fólksins og því er mikilvægt að virkja það í umræðunni um loftslagsvandann, sagði Henna Virkkunen, menntamálaráðherra Finnlands.

Ráðherranefndin vann náð með stjórnvöldum að kynningu og framkvæmd Norræna loftslagsdagsins. Könnun leiddi í ljós að mikil ánægja ríkti meðal embættismanna:

– Keppnisfyrirkomulagið hentaði nemendum mjög vel og okkur tókst að fá norrænu viddina með. Skólarnir nutu góðs stuðnings frá m.a. fræðimönnum í háskólum og Alþjóðanáttúruverndarsjóðnum (WWF). Því er ástæða til að þakka Norrænu ráðherranefndinni fyrir þetta framtak, sagði Lea Houtsonen, sérfræðingur í finnska menntamálaráðuneytinu. Ráðgert er að Norræni loftslagsdagurinn verði haldinn árlega.



Norræni COP15-hópurinn:

- Norræni COP15-hópurinn hóf störf á árinu 2008.
- Hópurinn skipa loftslagssérfræðingar frá öllum norrænu ríkjunum og sjálfstjórnarsvæðum.
- Norrænu umhverfisráðherrarnir skipuðu hópurinn og mun hann starfa fram á vor 2011.
- Í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn stóð hópurinn að 10 rannsóknnum og 31 fundi og málþingi.

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF):

- Norræni þróunarsjóðurinn fjármagnar þróunarsamvinnuverkefni sem norrænu ríkin standa að.
- Sjóðurinn hefur tekið þátt í að fjármagna verkefni í þróunarlöndum á ívilnandi kjörum frá árinu 1989.
- Á árinu 2009 hóf sjóðurinn fjárveitingar til loftslagsaðgerða.
- Verkefnastyrkir sjóðsins eru yfirleitt á bilinu 500.000–4.000.000 evrur.
- Sjóðnum er heimilt að veita styrki til 27 ríkja í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku.
- Sjóðurinn hefur fjármagnað verkefni m.a. í Laos, Vietnam, Kambódíu, Úganda, Rúanda og Benín.
- Í lok síðasta árs hafði sjóðurinn varið næstum 18 milljónum evra til loftslagsverkefna.
- Sjóðurinn hefur einnig veitt fé til fjármögnunaráætlunarinnar Nordic Climate Facility, en hún styrkir minni verkefni á vegum Norræna þróunarsjóðsins og Norræna umhverfissjóðsins, NEFCO.



Nýjar víddir í nútíma norrænu samstarfi

9. febrúar 2009 urðu kaflaskil í norrænni samvinnu. Þá tóku utanríkisráðherrar landanna við nýrri skýrslu Thorvalds Stoltenberg um framtíðarsamstarf í utanríkis- og öryggismálum. Skýrslan vakti fjörugar umræður um nýjar víddir í norrænu samstarfi nútímans.

Thorvald Stoltenberg kynnti í skýrslu sinni 13 tillögur að samstarfi og var þeim víðast hvar vel tekið af þingmönnum og ráðherrum.

Tillögurnar varða einkum samstarf ríkjanna um norræn málefni. Stoltenberg bendir þó á eftirfarandi í skýrslunni „Einn fyrir alla, allir fyrir einn – Nýtt norrænt varnarmálasamstarf?“. Ef norrænt samstarf nær einnig til utanríkis- og öryggismála öðlast það meira vægi í samskiptum Norðurlanda við umheiminn. Ný samstarfssvið styrkja stöðu Norðurlanda á alþjóðavettvangi.

– Aldrei hefur norrænt samstarf um utanríkis- og öryggismál verið eins raunhæft og falið í sér eins mikla möguleika og nú, sagði Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Norðmanna, á þingi Norðurlandaráðs í október 2009. Hann benti meðal annars á að Stoltenberg-skýrslan hefði lyft umræðum á norrænum vettvangi á hærra plan.

Norrænu ríkin eru á einu máli um að skynsamlegt sé að taka mið af öllum tillögum í skýrslu Stoltenbergs. Ferlið er nú þegar hafið því ríkin hafa ráðist í sameiginleg kaup á öryggisbúnaði í Kabúl.



Hvert er álit fulltrúa í Norðurlandaráði á skýrslunni?



Johan Linander, þingmaður Miðflokksins í Svíþjóð, situr í forsætisnefnd Norðurlandaráðs

Ég lít á Stoltenberg-skýrsluna sem mikilvægan þátt í því að endurnýja norrænt samstarf. Utanríkis- og öryggismál hafa alltof lengi verið fyrir utan dagskrár í norrænu samstarfi. Því er tímabært að við, þjóðkjörnir fulltrúar á Norðurlöndum, gerum okkur grein fyrir því að það er einnig þörf á samstarfi á þessu sviði svo rödd Norðurlandabúa heyrir í heiminum. Fimm smáríki geta ekki hvert um sig gegnt stórhlutverki í alþjóðamálum, en ef við stillum saman strengi getum við látið að okkur kveða.

Ég er því fylgjandi því að farið verði að öllum tillögum í skýrslu Stoltenbergs, sumt er framkvæmanlegt í náinni framtíð en annað kallar á lengri undirbúning. Mikilvægt er að forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar ríkjanna vinni úr hugmyndunum en láti skýrsluna ekki rykfalla uppi í hillu.



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingarinnar, situr í velferðarnefnd Norðurlandaráðs

Styrkur Norðurlandanna á alþjóðavettvangi felst í því að við sem smáríki getum miðlað málum, hvort heldur er í samningaviðræðum eða þar sem tekist er á af hörku á sviði stjórnmalanna. Ímynd Norðurlandabjóða í heiminum er sú að við eigum styrk í öflugum lýðræðisstarfi og baráttu fyrir mannréttindum. Við verðum að gæta að þessu orðspori okkar. Skýrsla Stoltenbergs ber vott um mikinn metnað og í henni er lítið til framtíðar. Ég tel að mikilvægi þess samstarfs sem þar er mælt með felist í því að við stöndum vörð um umhverfi, efnahag og öryggi við Eystrasalt, á norðurhöfum og á heimskautasvæðum. Við verðum að styrkja hlutverk okkar sem lýðræðisríki sem stuðla að friði og baráttunni fyrir mannréttindum. Þá verðum við að leggja áherslu á rannsóknir og frjóa hönnun enda eru það mikilvægustu auðlindir okkar um ókomna framtíð.



Per-Kristian Foss, þingmaður norska Hægriflokksins, situr í forsætisnefnd Norðurlandaráðs

Ég er í meginatriðum ánægður með þær hugmyndir sem fram koma í skýrslu Stoltenbergs um að efla samráð um utanríkismál í Norðurlandaráði. Verið er að fjalla um sumar tillögur í skýrslunni, en aðrar kveða á um samstarf til lengri tíma og kalla á sterkan vilja stjórnmalamanna eigi þær að ná fram að ganga. Yfirmenn varnarmála í norrænu ríkjunum leita nú þegar að hagkvæmum samstarfsflötum.

Mikilvægt er að Norðurlandaráð greiði fyrir því að umhverfis- og öryggiseftirlit í Norður-Atlantshafi og á heimskautasvæðum verði bætt með aukinni samhæfingu. Þá tel ég vert að fylgja eftir hugmyndinni um að fjölga norrænum sendiráðum.



Christina Gestrin, þingkona Sænska þjóðarflokksins í Finnlandi, situr í forsætisnefnd Norðurlandaráðs

Öryggismálin eru margþætt og því fagna ég því að í skýrslu Stoltenbergs er einnig bent á önnur málefni en hernaðarsamstarf og varnarmál. Hann bendir á að athygli heimsins beinist nú æ meir að norðurskautinu og að sjálfsgætt sé að norrænu ríkin starfi saman á norðurslóðum. Því er brýnt að við spyrjum hvernig við getum eftir samstarf um umhverfismál, búið okkur undir og ekki síst komið í veg fyrir fleiri stórslys í umhverfinu.

Þá er einnig brýnt að Norðurlönd taki virkan þátt í baráttunni gegn ýmsum ógnum, þar á meðal smygli á vopnum, fíkniefnum og ekki síst fólki. Mansal og önnur mannréttindabrot ógna öryggi okkar og kalla á hert viðbrögð. Við verðum að taka höndum saman og koma í veg fyrir slík brot.



Niels Sindal, þingmaður danska Jafnaðarmannaflokksins, situr í forsætisnefnd Norðurlandaráðs

Það eru einkum þrjár tillögur Stoltenbergs sem vekja athygli mína: Tillagan um að auka varnarmálasamstarf, samstarf á heimskautasvæðum og samstarf á sviði utanríkisþjónustu.

Ég er sannfærður um að norrænt samstarf mun aukast, einnig á sviðum þar sem ekki hefur verið óskað eftir því fram að þessu. Breytt pólitískt landslag við Norður-Atlantshaf, samstarf um málefni Eystrasalts og ófriður víða um heim gefa tilefni til að efla utanríkis- og öryggismálasamstarf Norðurlanda, hvort heldur er á sviði stjórnmalanna eða í daglegu starfi. Það verður áhugavert að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér, hvaða breytingar Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð telja mikilvægar fyrir samstarfið.

13 tillögur Thorvalds Stoltenberg:

- 1) Viðbragðssveit til að tryggja hernaðarlegan og borgaralegan stöðugleika
- 2) Norrænt samstarf um loftrýmiseftirlit yfir Íslandi
- 3) Norrænt eftirlitskerfi með hafsvæðum
- 4) Viðbragðssveit á sjó
- 5) Gervihnattakerfi fyrir eftirlit og samskipti
- 6) Norrænt samstarf um málefni norðurslóða
- 7) Samhæfðar varnir gegn stafrænum árásum
- 8) Hamfarabjörgunarsveit
- 9) Rannsóknardeild vegna stríðsglæpa
- 10) Samstarf á sviði utanríkisþjónustu
- 11) Hernaðarsamstarf um flutninga, hjúkrunarlið, þjálfun, búnað og æfingasvæði
- 12) Viðbragðssveit á landi og sjó
- 13) Norræn samstöðuyfirlýsing

Viðbúnaður við umhverfisslysum í Norður-Atlantshafi



Svandís Svavarsdóttir

Olíuleki í kjölfar umhverfisslysa getur haft viðsjárverðar afleiðingar fyrir líffræðilega fjölbreytni og hið viðkvæma vistkerfi í Norður-Atlantshafi. Því ákváðu Íslendingar að leita samstarfs við norræna nágranna sína um gerð vákorts yfir hin víðáttumiklu og ósnortnu hafsvæði í lögsögu Íslands, Grænlands, Noregs og Færeyja.

Bráðnun íss á norðurheimskautssvæðum hefur opnað nýjar siglingaleiðir í norðurhöfum. Umferð skipa eykst stöðugt og skip geta nú siglt á hafsvæðum sem voru ísi lögð þar til fyrir örfáum árum. Með aukinni skipaumferð eykst hættu á alvarlegum óhöppum og olíuleka í kjölfar þeirra. Því er brýn þörf á að vakta betur siglingaleiðir og efla viðbúnað ef neyðarástand skapast.

Viðbúnaður vegna slyshættu

– Ástandið í heiminum tekur stöðugum breytingum og því verðum við að vera viðbúin nýjum hættum af völdum loftslagsbreytinganna. Vákortið er mikilvægur þáttur í þeim viðbúnaði, segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra um þetta verkefni sem Norræna ráðherranefndin styrkir.

Ísland liggur í miðju Norður-Atlantshafi og sjávarútvegur er afar mikilvægur fyrir þjóðarbúið. Íslensk stjórnvöld leituðu samstarfs við Grænlandinga, Færeyinga og Norðmenn um að afla gagna um þessi viðkvæmu hafsvæði sem ná allt frá Hvarfi á Suður-Grænlandi til Norðurpólsins og frá austurströnd

Grænlands til vesturstrandar Noregs. Með þeim gögnum er lagður grunnur að vákortinu sem gerir mönnum kleift að greina hættu á umhverfisslysum á úthöfunum og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við neyðarástandi.

– Kortið á í fyrsta lagi að ná yfir náttúruna, hin viðkvæmu og mikilvægu svæði, dýralífið og lífríkið í heild sinni, segir Svandís.

– Í öðru lagi sýnir kortið helstu áhættuþætti, þar á meðal hugsanlega mengunarvalda, skipaumferð, hættu vegna starfsemi á hafsvæðunum svo og skipsflök og frárennsli. Í þriðja lagi mun kortið sýna hvernig bregðast skal við. Hverjir geta brugðist við og hvernig, segir íslenski ráðherrann.

Ábyrgð Norðurlandþjóða

Svandís bendir á að Norður-Atlantshafið sé hluti af Norðurlöndum og því þekki fáir aðstæður á norðurheimskautssvæðum betur en Norðurlandabúar. Þeir séu því best í stakk búnir til að vinna viðbragðsáætlun fyrir þessu svæði. Þess vegna sé vákortið hluti af framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum.

Í lok ársins 2010 verður vákortið tilbúið og aðgengilegt á netinu. Það er einkum ætlað notendum eins og stjórnmálamönnum svo og Landhelgisgæslunni og öðrum þeim sem starfa að almannavörn-



– Vákortið mun auðvelda okkur að bregðast við yfirvofandi ógnum og gera okkur kleift að lágmarka og vonandi bæta skaðann á viðkvæmstu hafsvæðunum, segir Ásgrímur L. Ásgrímsson.

um. En allt áhugafólk sem t.d. vill vita hvar tilteknir fuglar hafa sín búsvæði og hvar hvalirnir eru hafa einnig aðgang að vákortinu.

Síðan mönnum varð ljós nauðsyn þess að bæta vöktun, umhverfisvernd og hreinsun eftir mengun á sjó hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar á Íslandi lagt sig fram um að þróa ný verkfæri. Nýtt varðskip bætist við flota landhelgisgæslunnar síðar á þessu ári og er það útbúið búnaði til að greina mengun, hreinsa hana upp og varðveita úrganginn í stórum geymum um borð.

Vákortið á eftir að koma að miklum notum í störfum Landhelgisgæslunnar.

– Vákortið mun auðvelda okkur að bregðast við yfirvofandi ógnum og gera okkur kleift að lágmarka og vonandi bæta skaðann á viðkvæmstu hafsvæðunum, segir Ásgrímur L. Ásgrímsson, yfirmaður vaktstöðvar siglinga hjá Landhelgisgæslunni. – Kortið á einnig eftir að nýtast okkur vel við skipulag og undirbúning könnunarferða. Búnaður okkar, t.d. flugvélar og varðskip, mun nýtast betur en ella og því mun vákortið hafa mikla hagkvæmni í för með sér samanborið við þau kort sem við styðjumst við núna.

Vonandi þarf Landhelgisgæslan aldrei að nota umhverfisbúnaðinn í hinu nýja varðskipi en enginn vafi leikur á því að með vákortinu eru Norðurlönd mun betur í stakk búin en hingað til til að vernda hið dýrmæta lífríki Norður-Atlantshafsins.



Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð



Norræna ráðherranefndin

Norræna ráðherranefndin er formlegur samstarfsvettvangur ríkisstjórna Norðurlanda. Auk þess gegna óformleg skoðanaskipti mikilvægu hlutverki.

Hlutverk ráðherranefndarinnar er að efla norrænt samstarf, vekja athygli á ímynd Norðurlanda og standa vörð um norræna hagsmuni á alþjóðavettvangi. Samstarf ríkjanna byggist á samhljóða álitum þeirra.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar fer fram í nokkrum ráðherranefndum en skipting þeirra ræðst af samstarfssviðum ríkisstjórnanna.

Forsætisráðherrarnir eru æðsta yfirvald Norrænu ráðherranefndarinnar en þeir fela það í hendur norrænu samstarfsráðherranna og staðgengla þeirra, norrænu samstarfsnefndarinnar.

Ráðherranefndum til aðstoðar eru embættismannanefndir en þær undirbúa ákvarðanatökur ráðherranna í samstarfi við skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Samstarfssvið ráðherranefndanna eru:

- Efnahags- og fjármál
- Félags- og heilbrigðismál
- Viðskipti, orku- og byggðamál
- Sjávarútvegur, fiskeldi, landbúnaður, matvælamál og skógrækt
- Umhverfismál
- Jafnréttismál
- Menningarmál
- Löggjafarstarf
- Menntun og rannsóknir
- Vinnumál
- Starf samstarfsráðherranna

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð er pólitískur samstarfsvettvangur þingmanna og ríkisstjórna Norðurlanda.

Norðurlandaráð kemur til þings einu sinni á ári og við það tækifæri funda þingmenn með norrænu ráðherrunum. Norðurlandaráð starfar allan ársins hring í fimm fastanefndum og forsætisnefnd.

Norðurlandaráð tekur frumkvæði og ræðir pólitísk málefni. Ráðið kemur með tillögur að stefnu í norrænu samstarfi og hefur eftirlit með því að norrænu ríkisstjórnirnar fylgi eftir teknum ákvörðunum.

Samstarf Norðurlandaráðs er á ýmsum sviðum, en þar má nefna umhverfismál, félags- og heilbrigðismál, menningarmál, menntun, málefni barna og ungmenna, atvinnulíf, jafnréttismál, löggjafarstarf, alþjóðasamstarf og velferð.

www.norden.org



norden

Norræna ráðherranefndin
Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18
DK-1255 København K
www.norden.org

ANP 2010:719
ISBN 978-92-893-2026-9